

## **Vegna þingmáls 543, frumvarps til breytinga á lögum um velferð dýra.**

Undirritaðir dýralæknar lýsa vanþóknun sinni á þeirri aðför að starfsheiðri stéttarinnar sem fólgin er í umræddu frumvarpi, greinargerðinni með því og framsögu flutningsmanns úr ræðustóli Alþingis. Augljós þekkingarskortur og lítilsvirðing við réttar og sannar upplýsingar er

flutningsmönnum og þinginu til vansa.

Dýralæknar um allt land hafa um margra ára skeið komið að blóðgjöf íslenskra hryssa í samvinnu við stóran hóp bænda og líftæknifyrirtækið Ísteka.

Blóðgjöfin er alltaf framkvæmd af dýralæknum undir eftirliti Matvælastofnunar og undirritaðir þekkja engin dæmi þess að aðrir en dýralæknar hafi framkvæmt blóðgjöfina.

Blóðgjöf af þessu tagi er ekki mikið inngríp í líf eða velferð hryssanna. Þetta er á pari við mjólkun, járningar eða rúning, og augljóslega minna inngríp en slátrun.

Engin vísindaleg rök hníga að því að hryssum verða meint af óhóflegri blóðgjöf eins og tíðkuð er hér á landi. Skýrsluhald er til fyrirmyndar, vel er fylgst með heilbrigði dýranna og afföll í hópi blóðgjafahryssa eru ekki meiri en hjá öðrum hrossum sem ekki gefa blóð.

Stærsta ögn við dýraríkið má ekki vera öfgafull dýravelferð, þar sem velferðin er svo mikil að ekki verði nein dýr eftir.

Varla nokkurt dýr sem haldið er í atvinnuskyni komist nær því að lifa við sínar náttúrulegar aðstæður en þessar hryssur.

Undirritaðir dýralæknar leggjast eindregið gegn því að frumvarp þetta verði að lögum.

Virðingarfyllt,

Gestur Júlíusson, 6080

Elfa Ágústsdóttir, 6074